

Ytra mat grunnskóla

Hvaleyrarskóli

Nóvember 2019

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Hafnarfjarðarbæ.

Höfundar: Gunnhildur Harðardóttir og Svanhildur M. Ólafsdóttir.

© Menntamálastofnun, 2019.

ISBN 978-9979-0-2401-9

Innihald

Samantekt niðurstaðna	4
Stjórnun og fagleg forysta	4
Styrkleikar	4
Nám og kennsla	5
Innra mat	5
Skólaprófill	7
Upplýsingar um Hvaleyarskóla	8
Niðurstöður	9
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	9
1.1 Samvirkni í stefnumótun	9
1.2 Faglegt samstarf og samræða	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	10
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	11
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	11
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting	12
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	12
Þáttur 2 – Nám og kennsla	14
2.1 Inntak og námskrá	14
2.2 Árangur náms	14
2.3 Gæði kennslu	17
2.4 Skipulag náms	18
2.5 Námsvitund	20
2.6 Ábyrgð og þátttaka	20
Þáttur 3 – Innra mat	22
3.1 Skipulag	22
3.2 Framkvæmd	22
3.3 Umbætur	22

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði sem fór fram á haustönn 2019. Lagt var mat á þrjá fyrirfram ákveðna matsþætti sem voru stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Ekki kom fram ósk frá skóla eða sveitarfélagi um fjórða matsþáttinn. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Starfsáætlun er ítarleg og veitir margvíslegar upplýsingar um skólastarfið.
- Stjórnendur skólans stuðla af því unnið sé samkvæmt stefnu skóla og sveitarfélags.
- Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfi.
- Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og aðferðir í kennslu eru ræddar.
- Stjórnendur vinna að því að skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu.
- Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.
- Mat á skólastarfi, niðurstöður skimana og kannana og umbótaáætlun er að finna í starfsáætlun skólans.
- Kannanir meðal nemenda og foreldra sýna jákvætt viðhorf til stjórnenda og annarra starfsmanna.
- Rúmlega 81% foreldra eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni að barninu þeirra líði vel í skólanum.
- Starfsþróunarsamtöl eru árleg og starfsmenn fá svigrúm til starfsþróunar.
- Stjórnendur sýna nýbreytni varðandi starfsþróunarsamtöl við kennarahópa.

Tækifæri til umbóta

- Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf.
- Huga þarf að því dreifa betur ábyrgð starfsmanna og virkja leiðtoga innan skólans til að leiða verkefni sem snúa að þróun skólastarfsins.
- Vinna þarf að auknu samráði við alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins að stefnumótun, ákvarðanatöku og endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar.
- Gæta þess að hagsmunaaðilar skólasamfélagsins komi að endurskoðun skólareglna.
- Leita þarf leiða til gera foreldra að þátttakendum í mikilvægum ákvarðanatökum um þróun og skipulag skólastarfsins.
- Kynna stoðþjónustu skólans markvisst fyrir foreldrum og sveitarfélagsins.
- Huga þarf að virkri þátttöku skólaráðs í stefnumótun skólans sem og aukins upplýsingaflæðis um niðurstöður skimana og kannana.
- Gæta þarf þess að nýjar og réttar upplýsingar séu ávallt til staðar á heimasíðu skólans.
- Gera þarf fundargerðir þróunarteyma sýnilegar og opinberar.
- Skrá verklag vegna mála er varða samskiptavanda milli starfsmanna og upplýsa formlega um leiðir til úrlausnar.
- Móta ákveðið verklag fyrir nemendur sem sitja í stjórnun og nefndum á vegum skólans til að kynna ákvarðanir og verkefni fyrir öðrum nemendum skólans.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Einkunnarorð skólans eru mjög sýnileg í skólanum og eru skólasamfélaginu töm.
- Námsvísar/bekkjarnámskrár eru greinargóðar og byggja á aðalnámskrá.
- Grunnþáttum menntunar er gerð skil í námsvísunum/bekkjarnámskrám.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Reglulega er fylgst með árangri og framförum hvers nemenda og hann skráður.
- Unnið er úr og með niðurstöður námsmats og annars mats á árangri til að auka framfarir nemenda.
- Nemendur hafa gott aðgengi að stjórnendum og kennurum til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Nemendur eru almennt virkir í kennslustundum.

Tækifæri til umbóta

- Fylgja þarf eftir stefnu skólans um fjölbreytta kennsluhætti og veita nemendum tækifæri til að velja sér námsaðferðir.
- Gefa þarf nemendum í auknum mæli val um námsstíl og viðfangsefni og auka aðkomu að skipulagi náms- og skólastarfs.
- Skrá hæfni- og matsviðmið kennslustundar og verkefna í yfirferðaráætlanir.
- Gera þarf grein fyrir viðmiðum námsmats og matskvörðum og kynna fyrir öllum hagsmunaaðilum.
- Gera þarf nemendum grein fyrir framgangi og markmiðum kennslustunda.
- Þjálfar þarf nemendur í að setja sér námsmarkmið og fylgja þeim eftir.
- Auka markvisst samvinnu, samstarf, umræður og skoðanaskipti sem hluta af námi og kennslu.
- Setja fram markmið með samverustundum og bekkjarfundum og tengsl við hæfniviðmið aðalnámskrár og námsmat.
- Skrá í námsvísa/bekkjarnámskrár og kennsluáætlanir hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein.
- Endurskoða þarf einstaklingsnámskrár með tilliti til markmiða, leiða að markmiðum, endurmats og árangurs. Huga þarf að þátttöku og aðkomu foreldra og nemenda að námsskránni þar sem við á.
- Huga þarf að tækifærum og leiðum til að nýta upplýsingatækni (UT) í námi nemenda á markvissan hátt.
- Gæta þarf þess að nemendur fái lögbundinn tíma í list- og verkgreinum og í vali í 8.-10 bekk.
- Huga þarf að líðan nemenda og greina vísbendingar um aukið einelti.

Innra mat

Styrkleikar

- Innra mat er álitnið mikilvægt og er samofið daglegu skólastarfi.
- Í starfsáætlun er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Niðurstöður kannana í innra mati eru kynntar skólaráði og stjórn foreldrafélags.
- Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eru umbætur kynntar og ræddar meðal starfsmanna.

- Skólinn nýtir niðurstöður ytra mats (s.s. samræmd könnunarpróf og Lesferil) í innra mat sitt.
- Tímasett umbótaáætlun er í starfsáætlun.

Tækifæri til umbóta

- Skipa þarf matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annara starfsmanna, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.
- Tryggja þarf aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.
- Kynna niðurstöður kannana formlega fyrir öllum hagsmunaaðilum.
- Endurskoða reglulega aðferðir og reynslu af innra mati.
- Hafa mætti í huga að gera mats-og umbótaáætlun aðgengilegri.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahtutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Hvaleyrarskóla

Hvaleyrarskóli er hverfisskóli í Hafnarfirði og stendur við Akurholt 1. Hann var stofnaður árið 1990 og er heildstæður grunnskóli frá 1.-10. bekk. Einkunnarorð skólans eru kurteis, ábyrgð og samvinna.

Á haustönn skólárið 2019 voru 413 nemendur í skólanum. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum er eftirfarandi:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	39	43	45	30	44	46	38	41	38	49
Fjöldi bekkjardeilda	3	3	3	2	2	2	2	2	2	2

Starfsmenn Hvaleyrarskóla eru 84 í 70 stöðugildum. Stjórnendur eru sex í 5,6 stöðugildum; skólastjóri, aðstoðarskólastjóri/deildarstjóri á eldra stigi, deildarstjóri yngsta- og miðstigs, deildarstjóri stoðþjónustu, deildarstjóri Bjargs og deildarstjóri frístundamiðstöðvar. Kennarar eru 46, þar af sjö sérkennarar/proskapjálfar. Stuðningsfulltrúar og skólaliðar eru 18. Þá starfa einnig við skólann náms- og starfsráðgjafi, ritari og umsjónarmaður fasteigna. Sálfræðingur er með viðveru við skólann tvo til þrjú daga í viku en hann er ráðinn á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar.

Við skólann er starfandi deildin Bjarg fyrir nemendur er óskað hafa alþjóðlegrar verndar. Þar starfa þrjú kennarar og einn stuðningsfulltrúi og er deildin undir daglegri stjórn deildarstjóra en Útlendingastofnun kaupir þjónustuna af Hafnarfjarðarbæ. Lögð er áhersla á að aðlaga nemendur deildarinnar að íslensku skólakerfi hægt og rólega þannig að skólaganga þeirra verði sem farsælust.

Við skólann er starfandi frístundaheimili og félagsmiðstöð. Skólastjóri ber ábyrgð á starfsemi frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar sem eru undir daglegri stjórn deildarstjóra.

Fjöldi nemenda sem stunda nám á öðru skólastigi eru tíu. Nemendur af erlendum uppruna eru 92 frá 19 þjóðlöndum.

Fjöldi nemenda sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og nemendur með skilgreinda sérkennslu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Íslenska sem annað tungumál	0	1	4	4	7	3	0	4	2	0
Einstaklingsnámskrá	0	0	0	6	1	1	3	4	0	3
Sérkennsla og aðlagað námsefni	10	14	10	12	7	5	5	10	10	9

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á árinu 2019 eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kest. vor2019	0	0	0	0	0	0	0	57	73	30
Fjöldi kest. haust 2019	0	0	0	0	0	0	0	19	24	15

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum sem birtast í aðalnámskrá, skólustefnu sveitarfélags og skólanámskrá. Skólanámskrá er opinber og uppfyllir viðmið aðalnámskrár. Skólanámskráin skiptist í tíu bekkjarnámskrár. Í bekkjarnámskrám kemur fram sýn og stefna skólans, einkunnarorð og gildi þeirra. Einkunnarorðunum er haldið á lofti í skólanum.

Starfsáætlun skólans uppfyllir viðmið aðalnámskrár og er uppfærð reglulega. Endurskoðun skólanámsskrár og starfsáætlunar er í höndum stjórnenda og kennara skólans.

Skólastjórnendur vinna með skólayfirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku. Stjórnendur skólans hafa forystu um að móta stefnu og sýn skólans ásamt ákvarðanatöku en samráð og aðkoma allra hagsmunaaðila að þessum þáttum er takmörkuð.

Í daglegu tali og frétttaflutningi leggja stjórnendur áherslu á það jákvæða í skólastarfinu og sérstöðu skólans er haldið á lofti og má þar nefna sem dæmi samveru á sal.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur skapa svigrúm fyrir starfsþróun starfsmanna innan og utan skóla og eru virkir í að deila upplýsingum um tækifæri til starfsfólks. Símenntunaráætlun skólans er í starfsáætlun og tengist umbótaáætlun hvers skólaárs. Innan símenntunaráætlunar rúmast einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar.

Stjórnendur hvetja til faglegs samstarfs, samræðu um nám og kennslu og auðveldar skipulag skólans slíkt samstarf. Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og aðferðir eru ræddar.

Í rýnihópi kom fram að starfsmannahópurinn lítur á sig sem eina liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur. Að öllu jöfnu telja starfsmenn að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð.

Stjórnendur hafa komið á sameiginlegum starfsþróunarfundum með kennurum með það að markmiði að efla faglega samræðu um gæði náms og kennslu. Fyrirkomulag þessara funda er þannig háttað að hjá yngsta og miðstigi er fundað með kennurum árgangsins ásamt sérkennara og þroskaþjálfara en á unglingastigi er fundað með þeim kennurum sem kenna sömu námsgrein. Að sögn stjórnenda hafa þessir fundir gengið vel og þar skapast annars konar samræða en í hefðbundnu starfsþróunarsamtali við hvern og einn. Umræðan snýst frekar um nám nemenda og árangur þeirra, faglegt starf kennarans og hvaða leiðir kennarar geta farið til að styðja við og efla framfari nemenda. Að mati stjórnenda er sú faglega samræða sem þarna fer fram afar mikilvæg fyrir starfsþróun kennara.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur vinna að því að skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu og samskipti við foreldrafélagið eru jákvæð. Leitað er eftir sýn foreldra á skólastarfið með könnunum á vegum Skólapúlsins en að öðru leyti er ekki markvisst leitað eftir hugmyndum foreldra. Óformlegar leiðir, svo sem foreldraviðtöl og samvera á sal, eru leiðir sem nýttar eru til að auka samskipti við foreldra.

Stjórnendur gefa reglulega út fréttablaðið Hvalreka þar sem lögð er rækt við að segja frá jákvæðum viðburðum og/eða fréttum. Blaðið inniheldur upplýsingar um það sem er á döfinni í skólastarfinu auk upplýsinga um árangur og framfarir nemenda.

Matsmenn Menntamálastofnunar lögðu rafræna könnun fyrir foreldra í tengslum við ytra matið. Foreldrar 130 barna svöruðu könnuninni eða 31% svarhlutfall. Fram kom að rúmlega 83% foreldra sem svöruðu eru mjög ánægðir eða frekar ánægðir með skólann og stjórnun hans. Einnig var spurt hvort foreldrar telji að þeir fái reglulega góðar upplýsingar um námsárangur barna sinna og voru rúmlega 76% foreldra sem voru mjög eða frekar sammála. Fullyrðingin „Barninu mínu líður vel í skólanum“ var sett fram og svöruðu rúmlega 81% foreldra því til að þeir væru mjög eða frekar sammála. Rúmlega 90% foreldra eru mjög eða frekar sammála því að borin sé virðing fyrir barninu og um 85% foreldra telja að barnið fái hvatningu og áskoranir sem mikilvægar eru í námi þess.

Þá voru foreldrar spurðir hvort leitað væri til þeirra eftir tillögum eða hugmyndum sem snerta skólastarfið. Aðeins 28% svöruðu að þeir væru mjög sammála eða frekar sammála en 34% svöruðu hvorki né. Rúmlega 45% foreldra eru mjög eða frekar sammála því að ábendingar þeirra séu teknar til greina og um 48% foreldra svara hvorki né.

Einnig var spurt á hvern hátt skólinn gæti leitað eftir sýn og hugmyndum foreldra til að efla skólastarfið. Um 70 svör bárust með áhugaverðum ábendingum og ljóst að foreldrar eru tilbúnir til samstafs við skólann. Eftirfarandi eru dæmi um það sem meðal annars koma fram:

- Vera með reglulegar kannanir til foreldra þar sem óskað er eftir hugmyndum.
- Vera með hugmyndabanka sem gæti til dæmis verið hnappur á heimasíðu þar sem foreldrar geta lagt inn hugmyndir og ábendingar.
- Efla samtal og virkt samráð við foreldra með samráðsfundum eða skólalæpingum.
- Senda fyrirspurnir um ákveðin viðfangsefni til foreldra sem verið er að vinna með, bjóða foreldrum að taka þátt til dæmis þegar unnið er með ákveðin þemu.
- Fá foreldra til að miðla þekkingu sinni sem tengist námi barnanna þegar það á við.
- Hafa starfamesu eða fræðsludag þar sem foreldrar koma og kynna störf sín og spjalla við nemendur.

Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum viðburðum í skólasamfélaginu, þar á meðal jólaföndri, vorhátíð, fræðslufundum og foreldrarölti.

Fjallað er um stoðþjónustu í starfsáætlun og á heimasíðu en að öðru leyti er hún ekki kynnt hagsmunaaðilum. Fram kom í rýnihópi foreldra að þeir kannast ekki við kynningu á stoðþjónustu.

Í starfsáætlun eru skráð hvernig samskiptum við önnur skólastig er háttað. Í rýnihópum var rætt um ýmis verkefni sem unnin eru í samstarfi við grenndarsamfélagið og má þar nefna heimsóknir í fyrirtæki í bænum og golfklúbbinn Keili.

Skólaráð skólans fundar reglulega undir stjórn skólastjóra. Fundaskipulag og verkefnaskrá eru í starfsáætlun, fundargerðir skólaráðs eru birtar á heimasíðu skólans og skipan í skólaráð er samkvæmt lögum og reglugerðum. Fram kom í rýnihópi skólaráðs að fulltrúar þess eru ekki virkir í stefnumótun skólans né fá upplýsingar um niðurstöður skimana og kannana.

Félagsmiðstöð og frístundaheimili skólans heyra undir stjórn skólastjóra. Finna má upplýsingar um frístundaheimili og félagsmiðstöð í starfsáætlun skólans. Upplýsingar um félagsmiðstöð og frístundaheimilið má einnig finna á heimasíðu skólans.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi sem hluti af daglegu starfi stjórnenda, niðurstöður þess eru nýttar sem grundvöllur umbótastarfs og til að meta ferli og árangur skólastarfsins. Ýmsar skimanir og kannanir eru nýttar til að bæta líðan og námsárangur nemenda, t.d. reglubundnar kannanir vegna læsis, Skólalæsi og eineltiskönnunar Olweusar.

Ýmis þróunar- og nýbreytniverkefni eru í gangi og má þar sem dæmi nefna Byrjendalæsi, Markviss málörvun og Heilsueflandi skóli, innleiðing á upplýsinga- og tæknimennt og SMT-skólafærni (agamótandi kerfi sem unnið er út frá bandarísku aðferðinni „positive behavior support/PBS”). Stjórnendur stýra framgangi þessara verkefna ásamt kennurum en skráð er innan skólans hverjir eru ábyrgðaraðilar verkefnanna. Framgangur þróunarvinnu er skráður í starfsáætlun en fundargerðir eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans. Í símenntunaráætlun sem byggir á stefnu skólans og fræðslufirvalda er gert ráð fyrir þeirri starfsþróun sem umbótaverkefni krefjast.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Helstu upplýsingar um skólastarfið eru aðgengilegar á heimasíðu en tenglar eru ekki allir virkir og má þar nefna heimasíðu Versins auk tengla sem snúa að valgreinum nemenda.

Fram kemur í rýnihópum og reglulegum könnunum að sátt ríkir um stjórnendur skólans og starfsfólk er almennt ánægt með skipulag skólastarfsins. Stjórnendur leitast við að leysa sem fyrst ágreiningsmál sem upp koma. Til er ferli um lausn ágreiningsmála hvað varðar nemendur en ekki er til skráð ferli ef upp koma mál varðandi starfsmenn.

Skólareglur og viðurlög Hvaleyrarskóla byggja á SMT-skólafærni en þar er lögð áhersla á að styrkja hegðun nemenda, efla og bæta samskipti innan skólans. Í skólanum er starfandi SMT-teymi. Í því eiga sæti fulltrúar kennara, starfsmanna og stjórnenda. SMT-teymið fundar reglulega og heldur m.a. utan um endurmenntun starfsfólks og innleiðingu nýrra verkfæra er lúta að SMT. Nemendur eiga ekki aðkomu að SMT-teyminu.

Gæta þarf þess að allir hagsmunaaðilar komi að endurskoðun skólareglna og að viðurlög séu í samræmi við reglugerð nr. 1040/2011.

Stjórnendur í samstarfi við sveitarfélagið fylgjast með því að aðbúnaður í skólanum sé öruggur og unnið sé að úrbótum. Verklag og áherslur eru í meginatriðum í samræmi við lög og reglur þar um. Starfsmönnum hafa fengið kynningu á lögum um persónuvernd og trúnað. Verktökum og öðrum sem starfa tímabundið í skólanum er skylt að skrifa undir yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu.

Nemendafélag er við skólann og í starfsáætlun kemur fram hvernig aðkoma félagsins er að stjórn nemendafélags og skólaráði. Ekki er til skráð ferli hvar nemendur geta kynnt og eða upplýst

samnemendur um stöðu mála. Í rýnihópi nemenda kom þó fram að fulltrúar þeirra í skólaráði og stjórn nemendafélagsins kynni viðburði með veggspjöldum og heimsóknum í kennslustofur.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu. Stjórnendur skólans skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist skólastarfinu sem best. Þeir funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli. Stjórnendur fylgjast óformlega með störfum allra starfsmanna en fylgjast ekki reglulega með námi og kennslu eða veita endurgjöf á störf kennara.

Stjórnendur leitast við að skipa kennslu þannig að menntun og sérhæfing kennara nýtist sem best. Hugað er að móttöku nýrra starfsmanna og kennara og þess gætt að þeir fái sem gleggstar upplýsingar um skólastarfið. Nýir starfsmenn eiga kost á námskeiðum í upphafi skólaárs á vegum sveitarfélagsins. Þá er þess gætt að nýir kennarar fái stuðning frá reyndari kennurum.

Samkvæmt viðtölum við starfsmenn eru regluleg starfsþróunarsamtöl einu sinni til tvisvar á ári en auk þess vinna stjórnendur að innleiðingu á áðurnefndum starfsþróunarviðtölum við kennarahópa.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Stjórnendur sinna eigin starfsþróun og fá kennarar og aðrir starfsmenn svigrúm til starfsþróunar. Ábyrgð og verkaskipting stjórnenda er skýr og kemur fram í starfslýsingum. Í viðtölum við rýnihópa kennara og starfsmanna kemur fram að þeir upplifa traust og umboð til starfa sinna. Mannauður er vel nýttur en dreifing ábyrgðar og verkefnastjórnunnar er takmörkuð.

Skólastjórnendur telja mikilvægt að huga að heilsueflingu starfsmanna sem og nemenda. Skólinn tekur nú þátt í verkefninu Heilsueflandi skóli og er það eitt af þróunarverkefnum skólans á þessu skólaári. Markmið Heilsueflandi grunnskóla er að vinna markvisst að því að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda, starfsfólks og samfélagsins. Fram kemur í starfsáætlun skólans að byggt verði ofan á þann grunn sem þegar er til staðar í skólanum og að sérstök áhersla verði lögð á nemendur, mataræði, tannheilsu, heimili, geðrækt, nærsamfélag, hreyfingu, öryggi, lífsstíl og starfsfólk.

Styrkleikar

- Starfsáætlun er ítarleg og veitir margvíslegar upplýsingar um skólastarfið.
- Stjórnendur skólans stuðla af því unnið sé samkvæmt stefnu skóla og sveitarfélags.
- Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfi.
- Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og aðferðir í kennslu eru ræddar.
- Stjórnendur vinna að því að skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu.
- Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.
- Mat á skólastarfi, niðurstöður skimana og kannana og umbótaáætlun er að finna í starfsáætlun skólans.
- Kannanir meðal nemenda og foreldra sýna jákvætt viðhorf til stjórnenda og annarra starfsmanna.
- Rúmlega 81% foreldra eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni að barninu þeirra líði vel í skólanum.
- Starfsþróunarsamtöl eru árleg og starfsmenn fá svigrúm til starfsþróunar.
- Stjórnendur sýna nýbreytni varðandi starfsþróunarsamtöl við kennarahópa.

Tækifæri til umbóta

- Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf.
- Huga þarf að því dreifa betur ábyrgð starfsmanna og virkja leiðtoga innan skólans til að leiða verkefni sem snúa að þróun skólastarfsins.
- Vinna þarf að auknu samráði við alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins að stefnumótun, ákvarðanatöku og endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar.
- Gæta þess að hagsmunaaðilar skólasamfélagsins komi að endurskoðun skólareglna.
- Leita þarf leiða til gera foreldra að þátttakendum í mikilvægum ákvarðanatökum um þróun og skipulag skólastarfsins.
- Kynna markvisst fyrir foreldrum stoðþjónustu skólans og sveitarfélagsins.
- Huga þarf að virkri þátttöku skólaráðs í stefnumótun skólans sem og aukins upplýsingaflæðis um niðurstöður skimana og kannana.
- Gæta þarf þess að nýjar og réttar upplýsingar séu ávallt til staðar á heimasíðu skólans.
- Gera þarf fundargerðir þróunarteyma sýnilegar og opinberar.
- Skrá verklag ef upp koma mál er varða samskiptavanda milli starfsmanna og upplýsa formlega um leiðir til úrlausnar.
- Móta ákveðið verklag fyrir nemendur sem sitja í stjórnnum og nefndum á vegum skólans til að kynna ákvarðanir og verkefni fyrir öðrum nemendum skólans.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Skólanámskrá, námsvísar og áætlanir endurspeglu áherslur og leiðir stjórnvalda um eflingu læsis, skóla án aðgreiningar og sérstakar áherslur sveitarfélags. Grunnþáttum menntunar og lykilhæfni er gerð skil í bekkjarnámskrám og áætlunum.

Í skólanum er borin virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Reynt er að koma til móts við nemendur þannig að þeir fái nám í samræmi við ákvæði laga og áherslur aðalnámskrár. Almenn er ekki getið um í bekkjarnámskrám hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein eða viðfangsefni en þó mátti sjá aðlögun náms á vettvangi. Bekkjarnámskrár eru kynntar í byrjun skólaárs fyrir foreldrum og nemendum.


Að jafnaði fer sérstakur stuðningur við einstaka nemendur fram innan námsumhverfis bekkjarins en tekið er tillit til mismunandi þarfa nemenda. Í áætlun um sérstakan stuðning við nemendur kemur fram hvernig tilhögun og framkvæmd stuðnings er háttað hverju sinni. Einstaklingsnámskrár eru gerðar þegar nemendur víkja verulega frá aðalnámskrá í námi og/eða þurfa aðra sértæka aðstoð. Í einstaklingsnámskrám er ekki tekið fram hvernig mat á markmiðum og leiðum náms er háttað. Ábyrgð á gerð einstaklingsnámskrár er á höndum umsjónarkennara í samstarfi við sérkennara. Aðkoma foreldra og nemenda að gerð einstaklingsnámskráa er hverfandi.

2.2. Árangur náms

Reglulega er fylgst með árangri og framförum hvers nemenda og hann skráður. Unnið er með niðurstöður námsmats og annars mats til að auka framfarir nemenda. Kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður námsmats, meðal annars frá ytri aðilum, til þess að styrkja námslega stöðu nemenda. Hins vegar er ekki gerð formleg áætlun um hvernig brugðist skuli við ef grípa þarf til aðgerða. Í bekkjarnámskrám er fjallað um námsmat skólans og fjölbreytni þess en ekki gerð grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.


Einn af einkunnakvörðunum við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Einkunnakvarðinn hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og er því samanburðarhæfur á milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30.

Árangur 4. bekkjar í íslensku hefur batnað mikið frá síðasta ári og er nú rétt yfir landsmeðaltali eftir að hafa verið talsvert undir meðaltal síðast liðin þrjú ár. Stærðfræði er aðeins undir landsmeðaltali og hefur verið það frá 2017 (mynd 1).




Mynd 1. Árangur nemenda í 4. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Árangur nemenda í 7. bekk hefur legið undir landsmeðaltali í íslensku frá 2015. Stærðfræði hefur eflst og verið um eða yfir landsmeðaltali frá 2017.




Mynd 2. Árangur nemenda í 7. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Árið 2017 voru samræmd könnunarpróf haldin í 9. bekk í stað 10. bekkjar og verður svo í framtíðinni. Árangur nemenda í 9. bekk er við landsmeðaltali í öllum þremur fögunum árið 2019 (sjá mynd 3).




Mynd 3. Árangur nemenda í 9. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Síðustu árin sem samræmd könnunarpróf voru haldin í 10. bekk var árangur undir landsmeðaltali utan 2017 en þá var árangur í ensku nokkuð yfir landsmeðaltali og um landsmeðaltal í stærðfræði (sjá mynd 4).



Mynd 4. Árangur nemenda 10. bekk á samræmdum könnunarprófum.


Þegar árangri árganga í íslensku er fylgt eftir sést að hann hefur tilhneigingu til að dala milli 4. og 7. bekkjar og helst síðan aðeins undir landsmeðaltali. Í stærðfræði er tilhneigingin að árangur dali eða haldist á miðstigi en eflist síðan aðeins milli 7. og 9. bekkjar (mynd 5).



Mynd 5. Árgangapróun á samræmdum könnunarprófum.

Mynd 6 sýnir leshraða árganga skólans og eru þau viðmið sem Menntamálastofnun setur sýnd í fremsta dálkinum (stöplarit). Þegar línuritið er skoðað sést að meðaltal lesinna orða nemenda skólans (bláa línun) fylgir í flestum árgöngum landsmeðaltali. Samkvæmt niðurstöðum úr könnunum Skólapúlsins kemur fram að ánægja af lestri nemenda í 6.-10. bekk mælist við meðaltal en hjá nemendum í 1.- 5. bekk mælist ánægja nokkuð undir meðaltali nema hjá nemendum í 4. bekk.

Fyrirlögn maí 2019, Hvaleyrarskóli




Mynd 6. Hlutfall nemenda eftir frammistöðu viðmiða (til vinstri) og meðaltal lesinna orða og viðmið Hvaleyrarskóla (til hægri).

2.3 Gæði kennslu

Kennslustundir eru metnar út frá kennsluathöfnum kennara sem flokkaðar eru í þrjá flokka; fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Það sem einkennir fræðandi kennsluathafnir kennara er að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er kallar það oftast á eitt rétt svar. Það sem einkennir leiðbeinandi kennsluathafnir er að lögð er áhersla á krefjandi spurningar og lausnaleyti sem reynir á rökhugsun nemenda eða leggur áherslu á fumkvæði eða opin/skapandi verkefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum lausnum. Nemandinn er í forgrunni og virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir.

Matsmenn voru á vettvangi í 39 kennslustundum hjá öllum árgöngum og í fjölbreyttum námsgreinum. Mátu matsmenn flestar stundir góðar en í fáeinum stundum voru nokkrir mikilvægir þættir sem hefði þurft að bæta. Í stefnu skólans er lögð áhersla á fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluháttum. Kennarar sýndu nær allir fagmennsku og kennslufræðilega hæfni á vettvangi. Námstími kennslustunda var almennt nokkuð vel nýttur. Á vettvangi sáu matsmenn aðallega fræðandi kennslustundir eða 87% af þeim stundum sem metnar voru. Leiðbeinandi stundir voru 8% (sjá mynd 7). Stefna skólans um fjölbreytta kennsluhætti speglast því að litlu leyti í þeim stundum sem metnar voru.



Mynd 7. Kennsluáherslur.

Í flest öllum þeirra stunda sem matsmenn heimsóttu var nemendum ekki gerð grein fyrir framgangi stundar né markmiðum og hæfniviðmiðum. Kennarar vísuðu flestir í bekkjarnámskrár og/eða Mentor en þar er að finna heildarmarkmið og hæfniviðmið áfangans. Yfirferðaráætlanir kennslustunda innihéldu í flestum tilvikum eingöngu upplýsingar um blaðsíðutal sem vinna átti með í kennslustundinni

en fjölluðu ekki um hæfni né matsþætti. Nemendur í rýnihópum könnuðust ekki við að setja sér eigin markmið.

Í kennsluáætlunum er almennt ekki fjallað um tilhögun námsaðlögunar en sjá má í vettvangsathugunum að aðlögun náms á sér stað í almennum kennslustundum sem og í minni námshópum í íslensku og stærðfræði.

Gerð er grein fyrir námsmati í kennsluáætlunum og það sagt vera fjölbreytt. Fram kemur einnig að það sé í samræmi við hæfnivið aðalnámskrár.

Komið er til móts við bráðgera nemendur með því að gefa þeim kost á að stunda nám í framhaldsskóla í ákveðnum námsgreinum. Á vettvangi var almennt ekki sýnilegt að bráðgerir nemendur fengju námsefni eða verkefni við hæfi.

Í rýnihópum nemenda kom fram að sumir telja að námið sé of létt en aðrir telja það vera of erfitt og nemendahópurinn virðist ýmist jákvæður eða neikvæður gagnvart náminu. Nemendur ræddu einnig um að viðhorf nemenda til námsgreina endurspegli að miklum hluta viðhorf nemandans til þess kennara sem kennir námsgreinina.

Skólinn tekur þátt í könnunum á vegum Skólapúlsins. Niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir nemendur í 6.-10. bekk sýna að ýmsir þættir eru rétt yfir eða undir landsmeðaltali. Sem dæmi um þætti sem eru yfir landsmeðaltali má nefna trú á eigin námsgetu, þrautseigju í námi og samband nemenda við kennara.


Í heildina kemur fram að líðan nemenda er innan vikmarka meðaltals á landsvísu ef undan er skilin 5. bekkur og 3. bekkur. Niðurstöður sýna tölfræðilega marktækan mun á fjölda þeirra nemenda sem svara því til að þeir séu lagðir í einelti samkvæmt skilgreiningu Skólapúlsins. Einnig kemur fram í eineltiskönnun Olweusar sem lögð var fyrir nemendur í 5.-10. bekk á síðasta skólaári að samkvæmt svörum nemenda falla 7,5% undir skilgreiningu eineltis og hefur þeim farið fjölgandi milli ára. Í starfsáætlun sést að ekkert eineltismál hefur verið tilkynnt sem aðalmál til nemendaverndarráðs.

Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir í tengslum við matið kemur fram að um 82% foreldra svara að barn þeirra taki stöðugum framförum í náminu. Þá eru um 88% mjög eða frekar sammála að umsjónarkennarinn fylgist reglulega með námi barnsins. Í foreldrakönnun Skólapúlsins 2018-2019 kemur fram að hlutfall foreldra sem eru ánægðir með líðan barna sinna í skólanum er vel undir meðaltali.

2.4 Skipulag náms

Umsjónarkennarar sinna stærstum hluta kennslu í 1.-7. bekk en faggreinakennsla er í 8. -10. bekk. Fjöldi nemenda í námshópum í metnum kennslustundum var frá sjö til 22. Sérkennslutímar eru ekki inn í þessari tölum. Samskipti voru almennt jákvæð innan nemendahópsins og milli nemenda og kennara.

Kennslustundir eru einnig metnar út frá námsathöfnum sem snúa að sjálfstæðu námi (einstaklingsvinnu), samvinnu eða blöndu af hvoru tveggja. Í kennslustundum á vettvangi unnu nemendur einstaklingslega við nám í 77% kennslustunda. Markviss samvinna var í 13% kennslustunda og í 10% kennslustunda mátti sjá blöndu að þessu tvennu. Á vettvangi kom fram að umræður og skoðanaskipti voru ekki markvisst notuð nema í litlum hluta kennslustunda (sjá mynd 8).



Mynd 8. Námsathafnir.

Sveitarfélagið afhendir öllum nemendum í 5.-10. bekk spjaldtölvu til einkanota innan og utan skóla. Í vettvangsathugunum reiknast það sem notkun ef einn nemandi nýtir snjalltæki að einhverju marki í kennslustundinni eða kennari varpar upp mynd/glærum. Snjalltæki voru nýtt í námi hjá nemendum frá 1.-10. bekk í 36% kennslustunda sem metnar voru og í sjö mismunandi námsgreinum. Notkunin var mest á unglíngastigi eða í níu kennslustundum. Í 1.-4. bekk nýttu nemendur snjalltæki í einni kennslustund. Nemendur nýttu tækin í flestum tilvikum til að skoða námsáætlanir, námsbækur og búa til glærुकynningar. Kennarar nýttu upplýsingatækni í 26% kennslustunda á vettvangi eða í tíu kennslustundum.

Umsjónarkennarar veita nemendum og foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara í Mentor þar sem m.a. eru skráð hæfniviðmið í hverju fagi. Foreldrar í rýnihópi höfðu mismunandi upplifun af skráningum í Mentor. Fram kom að notkun vefsins er mismunandi eftir stigum og er notkun mun meiri hjá nemendum á unglíngastig en á yngri stigum. Fram kom í rýnihópi foreldra að mikið væri af upplýsingum inni á Mentor og erfitt að finna það sem leitað væri að ásamt því að appið virkaði ekki nógu vel. Einnig var bent á að erfitt sé að fylgjast með heimanámi þar sem nemendur segjast hafa lokið því í skólanum. Þá telja þeir einnig flókið að nálgast og fylgjast með námslegri stöðu barna sinna.

Kennslustundafjöldi nemenda á viku í hverri námsgrein er samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár nánast að öllu leyti hjá öllum árgöngum. List- og verkgreinar eru kenndar að hluta til í smiðjum í 1.-9. bekk og í vali í 10. bekk. Tónmennt og dans eru kennd einn tíma hvor námsgrein á viku hjá 1.-6. bekk en 1.-4. bekkur fá rúman tíma til list- og verkgreina, eða 960 mínútur í stað 900 mínútna á fjórum árum. Nemendur á miðstigi (5.-7. bekkur) fá samtals 640 mínútur í list- og verkgreinum í stað 840 mínútna skv. viðmiðum aðalnámskrár á þremur árum.

Val nemenda í unglíngadeild er fjölbreytt og möguleiki á að sækja val tíma utan skóla eftir áhugasviði nemenda, meðal annars í Tækniskólanum. Á unglíngastigi eiga val tímar að vera fimmtungur námstímans eða rúmlega sjö kennslustundir á viku í hverjum árgangi. Samkvæmt umsókn um valgreinar skólaárið 2019-2020 geta nemendur í 8. bekk valið þrjár stundir og nemendur í 9. bekk valið tvær stundir. Auk þess eru fjórar stundir hjá hvorum árgangi merktar list- og verkgreinum. Þegar samantektir kennslustunda í bekkjarnámskrám 8. og 9. bekkjar eru skoðaðar kemur fram að þar eru fjórar stundir merktar list- og verkgreinum og fjórar stundir merktar vali. Nemendur í 10. bekk geta

valið fjórar stundir en síðan bætast við tvær stundir fyrir bundið val sem er norrænt samstarf og náms- og starfsfræðsla. Ef skoðuð er samantekt kennslustunda sem birt er í bekkjarnámskrá 10. bekkjar kemur fram að valið sé 4,25 stundir á viku og list- og verkgreinar þrjár stundir. Hér virðist vera um misræmi að ræða sem þarf að leiðrétta.

Í kafla 15.5. í starfsáætlun skólans er fjallað um námsmat. Þar kemur fram á hvern hátt leiðsagnarmat er nýtt til reglulegrar endurgjafar til nemanda, ábendinga um stöðu, hvað hann kunnir, geti gert betur og hvatningar til framfara. Fram kemur í bekkjarnámskrám að námsmat sé á formi leiðsagnarmats og eru þá talin upp atriði sem liggja til grundvallar matinu eins og kaflapróf, virkni í tímum og mat á þátttöku nemenda. Þessi atriði eru ekki leiðsagnarmat heldur leiðir eða matsaðferðir sem geta nýst við leiðsagnarmatið eins og kemur fram í starfsáætlun.

Fram kemur í gögnum að lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í að meta eigin vinnu og framfarir. Í rýnihópaviðtölum við nemendur þekktu þeir ekki til þessara aðferða og matsmenn sáu það ekki á vettvangi.

2.5 Námsvitund

Nemendur voru almennt virkir í þeim kennslustundum sem matsmenn heimsóttu og unnu oftast að sömu verkefnum eftir einni skipun kennara. Val um námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námsstíl var ekki sýnilegt í kennslustundum né kom fram í kennsluáætlunum. Þegar nemendur í rýnihópi voru spurðir hvort þeir fengju að ráða hvaða og hvernig verkefni þeir gerðu töldu þeir almennt að það væri þá helst valið um framsetningu skila á verkefni sem væri þó oftast glærुकyning. Einnig kom fram að þeir töldu sig sjaldan fá að ráða með hverjum þeir ynnu ef um hópavinnu væri að ræða. Þeir nefndu að hjá nokkrum kennurum hefðu þeir meira val um útfærslu og skil verkefna. Þeir kannast ekki við að hafa séð skólanámskrá/bekkjarnámskrá sem birt er á heimasíðu skólans en hafa heyrt talað um hæfniviðmið hjá einstaka kennurum. Nemendur nýta Mentor og telja sig hafa aðgang að hæfniviðmiðum þar án þess að vita mikið um þau.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu að mati viðmælenda í rýnihópum. Sjónarmiða nemenda er meðal annars aflagð með könnunum í Skólapúlssi og eineltiskönnun Olweusar. Fram kemur í rýnihópum nemenda og kennara að nemendur leiti beint til kennara og/eða stjórnenda þegar þurfa þykir með sín málefni.

Í rýnihópum nemenda kom fram að þeir virðast ekki gera sér grein fyrir hvaða áhrif þeir geta haft á skipulag, framkvæmd og mat á námi sínu og umhverfi. Þegar leitað er eftir sjónarmiðum nemenda snýr það oftast að líðan og félagslegum aðstæðum en ekki námi og fyrirkomulagi skólastarfs.

Fram kom í rýnihópi stjórnenda og kennara að nemendur fái þjálfun í Markvissri málörvun, sem er málþjálfunaráætlun, alla sína skólagöngu og nýtist sú þjálfun þeim við að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í skólaráði sem og á öðrum vettvangi. Nemendur í 1.-7. bekk eru með vikulegar kennslustundir sem kallast „samvera á sal“. Hver bekkur ber ábyrgð á einni samverustund á önn en þar koma nemendur fram með atriði fyrir aðra nemendur og foreldra. Í 8.-10. bekk eru haldnir bekkjarfundir einu sinni í viku og eru þeir nýttir til að samskipta og umræðna.

Í bekkjarnámskrám er ekki að finna fyrirkomulag með markmiðum og leiðum fyrir þessar kennslustundir.

Á heimasíðu kemur fram að nemendaráð skólans stýrir og skipuleggur félagsstarf unglingsdeildar í samvinnu við umsjónarmann félagsmiðstöðvar og skólastjóra.

Styrkleikar

- Einkunnarorð skólans eru mjög sýnileg í skólanum og eru skólasamfélaginu töm.
- Námsvísar/bekkjarnámskrár eru greinargóðar og byggja á aðalnámskrá.
- Grunnþáttum menntunar er gerð skil í námsvísun/bekkjarnámskrám.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Reglulega er fylgst með árangri og framförum hvers nemenda og hann skráður.
- Unnið er úr og með niðurstöður námsmats og annars mats á árangri til að auka framfarir nemenda.
- Nemendur hafa gott aðgengi að stjórnendum og kennurum til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Nemendur eru almennt virkir í kennslustundum.

Tækifæri til umbóta

- Fylgja þarf eftir stefnu skólans um fjölbreytta kennsluhætti og veita nemendum tækifæri til að velja sér námsaðferðir.
- Gefa þarf nemendum í auknum mæli val um námsstíl og viðfangsefni og auka aðkomu að skipulagi náms- og skólastarfs.
- Skrá hæfni- og matsviðmið kennslustundar og verkefna í yfirferðaráætlanir.
- Gera þarf grein fyrir viðmiðum námsmats og matskvörðum og kynna fyrir öllum hagsmunaaðilum.
- Gera þarf nemendum grein fyrir framgangi og markmiðum kennslustunda.
- Þjálfar þarf nemendur í að setja sér námsmarkmið og fylgja þeim eftir.
- Auka markvisst samvinnu, samstarf, umræður og skoðanaskipti sem hluta af námi og kennslu.
- Setja fram markmið með samverustundum og bekkjarfundum og tengsl við hæfniviðmið aðalnámskrár og námsmat.
- Skrá í námsvísa/bekkjarnámskrár og kennsluáætlanir hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein.
- Endurskoða þarf einstaklingsnámskrár með tilliti til markmiða, leiða að markmiðum, endurmats og árangurs. Huga þarf að þátttöku og aðkomu foreldra og nemenda að námsskránni þar sem við á.
- Huga þarf að tækifærum og leiðum til að nýta upplýsingatækni (UT) í námi nemenda á markvissan hátt.
- Gæta þarf þess að nemendur fái lögbundinn tíma í list- og verkgreinum og í vali í 8.-10 bekk.
- Huga þarf að líðan nemenda og greina vísbendingar um aukið einelti.

Páttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Innra mat er álitíð mikilvægt og hluti af skólastarfi. Í starfsáætlun er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt, bæði árangur þess og gæði. Fyrir liggja áætlanir um innra mat til skemmri og lengi tíma. Val á matspáttum byggist á markmiðum skólans, stefnu og viðfangsefnum. Skólinn notar innra mat til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum skólans hefur verið náð. Skilgreind eru viðmið um þann árangur sem stefnt er að og þau birt í starfsáætlun.

Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer reglulega fram með einhverjum hætti. Í starfsáætlun þessa vetrar er gert ráð fyrir því að stjórnendur fari inn í kennslustundir hjá kennurum og skoði fyrir fram ákveðna þætti ásamt því að fylgja eftir kennsluáætlunum en til þessa hefur ekki tíðkast að stjórnendur meti kennslu og veiti endurgjöf.

3.2 Framkvæmd

Nám og kennsla eru metin reglulega og eru hluti af daglegu starfi kennara og stjórnenda. Innra mat byggir á margvíslegum upplýsingum og gagnaöflunaraðferðum, svo sem könnunum Skólapúlsins (nemenda-, foreldra- og starfsmannakönnunum), eineltiskönnun Olweusar, læsisskimunum og starfsmannasamtölum. Athuga mætti að hafa mats- og umbótaáætlun í sér skjali til að hafa hana aðgengilegri.

Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda sem skipa teymi ásamt fulltrúa frá Mennta- og lýðheilsusviði Hafnarfjarðar. Aðrir hagsmunaaðilar, svo sem kennarar, aðrir starfsmenn, nemendur og foreldrar hafa ekki bein áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats. Áætlanir og niðurstöður eru kynntar skólaráði en skólaráðið hefur ekki bein áhrif á hvaða leiðir eru farnar eða framkvæmd matsins.

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila svo sem kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra. Innra mat byggir á gagnaöflun, bæði eigindlegra og megindlegra gagna.

3.3 Umbætur

Áætlanir skólans um umbætur og þróunarstarf byggja á virku innra mati og öðrum gögnum um árangur skólastarfsins. Í starfsáætlun sem birt er á heimasíðu skólans er gerð grein fyrir framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum til umbóta.

Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eru þær kynntar á kennara- og starfsmannafundum og þar eiga sér jafnframt stað samræður um þróun og umbætur. Fram kom í rýnihópi skólaráðs að niðurstöður innra mats eru kynntar á fundum en aðkoma skólaráðs að þróun og umbótum er engin. Einnig kom fram í rýnihópi nemenda að niðurstöður kannana og skimana eru ekki kynntar fyrir þeim. Skólastjórnendur kynna niðurstöður innra mats fyrir stjórn foreldrafélags.

Styrkleikar

- Innra mat er álitíð mikilvægt og er samofið daglegu skólastarfi.
- Í starfsáætlun er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Niðurstöður kannana í innra mati eru kynntar skólaráði og stjórn foreldrafélags.
- Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eru umbætur kynntar og ræddar meðal starfsmanna.
- Skólinn nýtir niðurstöður ytra mats (s.s. samræmd könnunarpróf og Lesferil) í innra mat sitt.
- Tímasett umbótaáætlun er í starfsáætlun.

Tækifæri til umbóta

- Skipa þarf matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annara starfsmanna, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.
- Tryggja þarf aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.
- Endurskoða reglulega aðferðir og reynslu af innra mati.
- Hafa mætti í huga að gera mats-og umbótaáætlun aðgengilegri.